

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 10. mars 2021.

Fundur var fjarfundur kl. 16.00

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Andri Steinn Hilmarsson, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Guðlaugsson, Guðmundur Grétar Karlsson og Steinunn Árnadóttir.

Einnig sátu fundinn Óskar Sævarsson, René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Jarðhræringar á Reykjanesskaga

Rætt um jarðhræringar og mögulegt gos í eða við fólkvanginn og áhrif á fólkvanginn.

Grjóthrun varð á Djúpavatnsleið í skjálftanum í okt sl. og einnig hrundi og komu sprungur í Krýsuvíkurbjargi. Djúpavatnsleið var lokað í hrinunni sem nú dynur yfir. Vakta þarf fleiri leiðir sem leiða nær mögulegum gosstað.

Landvörður er tengdur almannavarnarteymi.

Fundi slitið 16:50